

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fimm sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 9. janúar 1998 staðfest sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júní 1998.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.